

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/343****2019/EES/58/07**

frá 28. febrúar 2019

**um undanþágur frá 3. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli vegna notkunar á tilteknum almennum lýsingum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 skal líta svo á að sérhver fullyrðing, þar sem er fullyrt, látið að því liggja eða gefið í skyn að tengsl séu milli matvælaflokks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra og heilbrigðis, sé heilsufullyrðing og verði hún því að uppfylla ákvæði þeirrar reglugerðar.
- 2) Í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um hugsanlega undanþágu frá reglunum sem gilda skv. 3. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar um almennar lýsingar (heiti) sem hefðbundið er að nota til að tilgreina sérkenni flokks matvæla eða drykkjarvara sem gæti gefið til kynna áhrif á heilbrigði manna.
- 3) Stjórnendum matvælafyrirtækja er heimilt að leggja umsóknir um að tiltekið heiti sé notað sem almenn lýsing fyrir lögbær landsyfirvöld í viðtökuaðildarríki.
- 4) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 907/2013 <sup>(2)</sup> um setningu reglna um umsóknir er varða notkun á almennum lýsingum (heitum) ætti að senda gilda umsókn til framkvæmdastjórnarinnar og allra aðildarríkjanna. Aðildarríki, sem umsóknin varðar, skulu gefa framkvæmdastjórninni álit sitt á henni.
- 5) Eftir viðtöku gildrar umsóknar og álits viðkomandi aðildarríkja er framkvæmdastjórninni heimilt að hefja ferli vegna samþykkis almennu lýsingarinnar skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.
- 6) Hinn 13. apríl 2015 sendi lögbært yfirvald í Austurríki framkvæmdastjórninni umsókn frá samtökum matvælaíðnaðarins í Austurríki, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitin „Hustenbonbon“ og „Hustenstopper“ sem almennar lýsingar í Austurríki.
- 7) Hinn 13. apríl 2015 sendi lögbært yfirvald í Austurríki framkvæmdastjórninni umsókn frá Drupal GmbH, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitið „Hustenzucker!“ sem almenna lýsingu í Austurríki.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 62, 1.3.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 907/2013 frá 20. september 2013 um setningu reglna um umsóknir er varða notkun á almennum lýsingum (heitum) (Stjtið. ESB L 251, 21.9.2013, bls. 7).

- 8) Hinn 19. maí 2015 sendi lögbært yfirvald í Þýskalandi framkvæmdastjórninni umsókn frá samtökum sælgætisiðnaðarins í Þýskalandi, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitið „Brust-Caramellen“ sem almenna lýsingu í Þýskalandi og Austurríki.
- 9) Hinn 29. maí 2015 sendi lögbært yfirvald í Þýskalandi framkvæmdastjórninni umsókn frá SOLDAN Holding + Bonbonspezialitäten GmbH og samtökum sælgætisiðnaðarins í Þýskalandi, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitið „Hustenmischung“ sem almenna lýsingu í Þýskalandi.
- 10) Hinn 8. júní 2015 sendi lögbært yfirvald í Þýskalandi framkvæmdastjórninni umsókn frá SOLDAN Holding + Bonbonspezialitäten GmbH, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitið „Hustenperle“ sem almenna lýsingu í Þýskalandi.
- 11) Hinn 18. júní 2015 sendi lögbært yfirvald í Þýskalandi framkvæmdastjórninni tvær umsóknir frá SOLDAN Holding + Bonbonspezialitäten GmbH og samtökum sælgætisiðnaðarins í Þýskalandi, sem voru lagðar fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitin „Halsbonbon“ og „keelpastille“ sem almennar lýsingar í Þýskalandi („Halsbonbon“) og Hollandi („keelpastille“).
- 12) Hinn 18. nóvember 2015 sendi lögbært yfirvald í Þýskalandi framkvæmdastjórninni þrjár umsóknir frá SOLDAN Holding + Bonbonspezialitäten GmbH, Josef Mack GmbH & Co. KG og samtökum sælgætisiðnaðarins í Þýskalandi, sem voru lagðar fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitin „Hustenbonbon“, „hoestbonbon“, „rebuçados para a tosse“ og „cough drops“ sem almennar lýsingar í Þýskalandi og Austurríki („Hustenbonbon“), í Hollandi („hoestbonbon“), í Portúgal („rebuçados para a tosse“) og í Bretlandi („cough drops“).
- 13) Lögbær yfirvöld í Austurríki og Þýskalandi sendu öllum hinum aðildarríkjunum umsóknirnar. Lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum sendu framkvæmdastjórninni álit sín á umsóknunum.
- 14) Heitin „Hustenbonbon“, „Hustenstopper“, „Hustenzuckerl“, „Brust-Caramellen“, „Hustenmischung“, „Hustenperle“, „Halsbonbon“, „keelpastille“, „hoestbonbon“, „rebuçados para a tosse“ og „cough drops“ falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 þar eð þau geta gefið í skyn tengsl milli matvæla sem bera þessi heiti og heilbrigðis.
- 15) Hins vegar hefur verið sýnt fram á að þessi heiti hafi verið notuð hefðbundið í Þýskalandi og Austurríki („Hustenbonbon“, „Brust-Caramellen“), í Þýskalandi („Halsbonbon“, „Hustenmischung“ og „Hustenperle“), í Austurríki („Hustenstopper“ og „Hustenzuckerl“), í Hollandi („keelpastille“ og „hoestbonbon“), í Portúgal („rebuçados para a tosse“) og í Bretlandi („cough drops“), í skilningi 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, sem almennar lýsingar til að lýsa flokki sælgætis sem er að grunni til úr sykri ásamt sykurlausum og hitaeningaskertum afbrigðum sem eru að grunni til úr sætuefnum (fjölalkóhólum og/eða kröftugum sætuefnum) sem innihalda útdrætti úr jurtum, aldinum eða öðrum plöntuefnum á borð við mentól, hunang eða malt.
- 16) Einkum hafa heitin „Hustenbonbon“, „Brust-Caramellen“, „Halsbonbon“, „Hustenmischung“, „Hustenperle“, „Hustenstopper“, „Hustenzuckerl“, „keelpastille“, „hoestbonbon“, „rebuçados para a tosse“ og „cough drops“ hvorki verið notuð í Þýskalandi, Austurríki, Hollandi, Portúgal og Bretlandi, eftir því sem við á, til að gefa í skyn áhrif þessa flokks matvæla á heilbrigði né skilur meðalneytandinn þau sem fullyrðingu um áhrif þessa matvælafllokks á heilbrigði.
- 17) Því ætti að veita undanþágu frá reglugerð (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar notkun almennu lýsinganna „Hustenbonbon“ og „Brust-Caramellen“ í Þýskalandi og Austurríki, „Halsbonbon“, „Hustenmischung“ og „Hustenperle“ í Þýskalandi, „Hustenstopper“ og „Hustenzuckerl“ í Austurríki, „keelpastille“ og „hoestbonbon“ í Hollandi, „rebuçados para a tosse“ í Portúgal og „cough drops“ í Bretlandi þegar þær eru notaðar í viðkomandi aðildarríki um sælgæti sem er að grunni til úr sykri ásamt sykurlausum og hitaeningaskertum afbrigðum sem eru að grunni til úr sætuefnum (fjölalkóhólum og/eða kröftugum sætuefnum) sem innihalda útdrætti úr jurtum, aldinum eða öðrum plöntuefnum eða hunang eða malt.
- 18) Hinn 12. janúar 2017 sendi lögbært yfirvald í Finnlandi framkvæmdastjórninni umsókn frá samtökum matvælaíðnaðarins í Finnlandi, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitið „kurkkupastilli/halspastill“ sem almenna lýsingu í Finnlandi.
- 19) Lögbært yfirvald í Finnlandi sendi öllum hinum aðildarríkjunum umsóknina; það sendi framkvæmdastjórninni einnig álit sitt á umsókninni.

- 20) Heitið „kurkkupastilli/halspastill“ fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 þar eð það getur gefið í skyn tengsl milli matvæla sem bera þetta heiti og heilbrigðis. Hins vegar hefur verið sýnt fram á að þetta heiti hafi verið notað hefðbundið í Finnlandi, í skilningi 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, sem almenn lýsing til að lýsa flokki sælgætis sem er að grunni til úr sykri ásamt sykurlausum og hitaeiningaskertum afbrigðum sem eru að grunni til úr sætuefnum (fjölalkóhólum og/eða kröftugum sætuefnum).
- 21) Einkum hefur heitið „kurkkupastilli/halspastill“ hvorki verið notað í Finnlandi til að gefa í skyn áhrif þessa flokks matvæla á heilbrigði né skilur meðalneytandinn það sem fullyrðingu um áhrif þessa matvælafllokks á heilbrigði.
- 22) Því ætti að veita undanþágu frá reglugerð (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar notkun almennu lýsingarinnar „kurkkupastilli/halspastill“ þegar hún er notuð í Finnlandi um hart sælgæti sem er að grunni til úr sykri ásamt sykurlausum og hitaeiningaskertum afbrigðum sem eru að grunni til úr sætuefnum (fjölalkóhólum og/eða kröftugum sætuefnum)
- 23) Hinn 13. apríl 2015 sendi lögbært yfirvald í Austurríki framkvæmdastjórninni umsókn frá Drapal GmbH, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitið „Hustensirup“ sem almenna lýsingu í Austurríki.
- 24) Lögbært yfirvald í Austurríki sendi öllum hinum aðildarríkjunum umsóknina; það sendi framkvæmdastjórninni einnig álit sitt á umsókninni.
- 25) Heitið „Hustensirup“ fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 þar eð það getur gefið í skyn tengsl milli matvæla sem bera þetta heiti og heilbrigðis. Hins vegar hefur verið sýnt fram á að þetta heiti hafi verið notað hefðbundið í Austurríki, í skilningi 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, sem almenn lýsing til að lýsa flokki sælgætisvara sem eru gerðar úr sykurlausnum, sterkjusírópi, andsykri og/eða hunangi með viðbættum jurtainnihaldsefnum, þar sem „Hustensirup“ vísar til flokks vara í formi síróps.
- 26) Einkum hefur heitið „Hustensirup“ hvorki verið notað til að gefa í skyn áhrif þessa flokks matvæla á heilbrigði né skilur meðalneytandinn það sem fullyrðingu um áhrif þessa matvælafllokks á heilbrigði í Austurríki.
- 27) Því ætti að veita undanþágu frá reglugerð (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar notkun almennu lýsingarinnar „Hustensirup“ þegar hún er notuð í Austurríki um sælgætisvörur sem eru gerðar úr sykurlausnum, sterkjusírópi, andsykri og/eða hunangi með viðbættum jurtainnihaldsefnum í formi síróps.
- 28) Mælt hefur verið fyrir um skilgreiningar á sykrum sem eru ætlaðar til manneldis í A-lið viðaukans við tilskipun ráðsins 2001/111/EB<sup>(3)</sup>. Í því skyni að tryggja réttarvissu ættu þessar skilgreiningar einnig að gilda að því er varðar þessa reglugerð.
- 29) Hinn 2. apríl 2015 sendi lögbært yfirvald í Bretlandi framkvæmdastjórninni umsókn frá British Soft Drinks Association, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitið ‘tonic’ (á ensku), þegar það er notað sem hluti af lýsandi heiti á drykkjarvöru í formi „tonic water“, „Indian tonic water“ eða „quinine tonic water“ og því skipt út í sömu lýsandi heitunum fyrir „tonique“ (á frönsku), „tónico“ eða „tonica“ (á ítölsku, spænsku og portúgölsku), „τονωτικό“ eða „tonotiko“ (á grísku), „tonik“ (á króatísku, tékknesku, ungversku, pólsku, slóvakísku og slóvensku), „тоник“ (á búlgörsku), sem almenn lýsing í öllum aðildarríkjunum nema Rúmeníu.
- 30) Hinn 30. september 2015 sendi lögbært yfirvald í Rúmeníu framkvæmdastjórninni umsókn frá samtökum gosdrykkjaframleiðenda í Rúmeníu, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitið ‘tonic’ (á ensku), þegar það er notað sem hluti af lýsandi heiti á drykkjarvöru í formi „tonic water“, „Indian tonic water“ eða „quinine tonic water“ og því skipt út í sömu lýsandi heitunum fyrir „tónico“, „tonică“ eða „tonica“ (á rúmensku), sem almenn lýsing í Rúmeníu.
- 31) Lögbært yfirvald í Bretlandi og lögbært yfirvald í Rúmeníu sendu öllum hinum aðildarríkjunum umsóknirnar; aðildarríkin hafa sent framkvæmdastjórninni álit sín á umsóknunum.
- 32) Lögbært yfirvald á Grikklandi telur að litið sé á heitin „τονωτικό“ og „tonotiko“ („τονωτικό“ með latnesku lettri) sem heilsufullyrðingar í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1924/2006. Lögbært yfirvald á Grikklandi telur enn fremur að víða í Grikklandi sé hefðbundið að nota heitið „tonic“ sem hluta af venjubundnu heiti óáfengra drykkja sem innihalda kínín.

(3) Tilskipun ráðsins 2001/111/EB frá 20. desember 2001 varðandi tilteknar sykrur til manneldis (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 53).

- 33) Lögbært yfirvald í Þýskalandi og lögbært yfirvald í Austurríki telja að heitið „tonic“, þegar það er notað sem hluti af „tonic water“, „Indian tonic water“ eða „quinine tonic water“, sé hluti af venjubundnu heiti drykkjarvörunnar og falli sem slíkt utan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.
- 34) Lögbært yfirvald í Frakklandi telur að heitið „tonique“ sé ekki notað til að lýsa óáfengum, kolsýrðum drykk sem inniheldur beiskjuefnið kínín.
- 35) Tiltekin lögbær yfirvöld telja að þegar heitinu „tonic“ (á ensku) er skipt út fyrir „tonik“ á króatísku, ungversku, pólsku og slóvensku sé ekki litið á það sem heilsufullyrðingu í þessum fyrrgreindu aðildarríkjum í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1924/2006; að þeirra mati falla þessi heiti því utan gildissviðs reglugerðarinnar.
- 36) Heitið „tonic“ og sambærileg orð á öðrum tungumálum, þ.e. „tonik“, „tónico“, „tónica“ og „tonicá“, þegar þau eru notuð sem hluti af lýsandi heiti drykkjarvöru, falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 þar eð þau geta gefið í skyn tengsl milli matvæla sem bera þetta heiti og heilbrigðis. Hins vegar hefur verið sýnt fram á að þessi heiti hafi verið notuð hefðbundið, í skilningi 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, sem almennar lýsingar til að lýsa flokki drykkjarvara, þ.e. óáfengum, kolsýrðum drykk sem inniheldur beiskjuefnið kínín í formi bragðefnanna FL 14.011, FL 14.152 eða FL 14.155 eins og um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 <sup>(4)</sup> um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli.
- 37) Einkum hafa heitin „tonic“ og sambærileg orð á öðrum tungumálum, þ.e. „tonik“, „tónico“, „tónica“ og „tonicá“, þegar þau eru notuð sem hluti af lýsandi heiti drykkjarvöru, hvorki verið notuð til að gefa í skyn áhrif þessa flokks drykkjarvara á heilbrigði né skilur meðalneytandinn þau sem fullyrðingu um áhrif þessa flokks drykkjarvara á heilbrigði.
- 38) Því ætti að veita undanþágu frá reglugerð (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar notkun almennu lýsingarinnar „tonic“ (á ensku) þegar það er notað sem hluti af lýsandi heiti á óáfengum, kolsýrðum drykk sem inniheldur beiskjuefnið kínín í formi bragðefnanna FL 14.011, FL 14.152 eða FL 14.155 eins og um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1334/2008. Skipta má út heitinu „tonic“ (á ensku) í lýsandi heitinu fyrir „тоник“ (á búlgörsku), „tonik“ (á tékknesku og slóvakísku), „tónica“ (á spænsku og portúgölsku) „tonica“ (á ítölsku) eða „tonicá“ (á rúmensku).
- 39) Hinn 23. apríl 2015 sendi lögbært yfirvald á Ítalíu framkvæmdastjórninni umsókn frá Monviso SpA, sem var lögð fram skv. 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, um að nota heitið „biscotto salute“ sem almenna lýsingu á Ítalíu og Möltu.
- 40) Lögbært yfirvald á Ítalíu sendi öllum hinum aðildarríkjunum umsóknina; viðkomandi aðildarríki sendu framkvæmdastjórninni álit sín á umsókninni.
- 41) Heitið „biscotto salute“ fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 þar eð það getur gefið í skyn tengsl milli matvæla sem bera þetta heiti og heilbrigðis. Hins vegar hefur verið sýnt fram á að þetta heiti hafi verið notað hefðbundið á Ítalíu, í skilningi 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, sem almenn lýsing til að lýsa flokki bakarísvara á borð við tvíbökur.
- 42) Einkum hefur heitið „biscotto salute“ hvorki verið notað til að gefa í skyn áhrif þessa flokks matvæla á heilbrigði né skilur meðalneytandinn það sem fullyrðingu um áhrif þessa matvælaflökks á heilbrigði á Ítalíu.
- 43) Malta benti á að heitið „biscotto salute“ væri ekki notað til að lýsa bakarísvörum á borð við tvíbökur á markaði á Möltu.
- 44) Því ætti að veita undanþágu frá reglugerð (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar notkun almennu lýsingarinnar „biscotto salute“ þegar hún er notuð um bakarísvörur á borð við tvíbökur á Ítalíu.
- 45) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB (Stjútíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Almennu lýsingarnar sem eru tilgreindar í viðaukanum við þessa reglugerð eru undanþegnar beitingu 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2004 að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

Að því er varðar þessa reglugerð skulu skilgreiningarnar á sykrum sem eru ætlaðar til manneldis, sem mælt er fyrir um í A-lið viðaukans við tilskípun ráðsins 2001/111/EB, gilda.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

| Flokkur matvæla   | Almenn lýsing  | Aðildarríki þar sem undanþágan er gild |
|---|--|--|
| Hart og mjúkt sælgæti sem er að grunni til úr sykri ásamt sykurlausum og hitaeningaskertum afbrigðum sem eru að grunni til úr sætuefnum (fjölalkóhólum og/eða kröftugum sætuefnum) sem innihalda útdrætti úr jurtum, aldinum eða öðrum plöntuefnum eða hunang eða malt. | Brust-Caramellen Hustenbonbon  | Þýskaland, Austurríki                  |
|   | Halsbonbon,<br>Hustenmischung,<br>Hustenperle  | Þýskaland                              |
|   | Hustenstopper,<br>Hustenzuckerl  | Austurríki                             |
|   | Cough drops  | Bretland                               |
|   | Hoestbonbon,<br>Keelpastille   | Holland                                |
|   | Rebuçados para a tosse   | Portúgal                               |
| Hart sælgæti sem er að grunni til úr sykri ásamt sykurlausum og hitaeningaskertum afbrigðum sem eru að grunni til úr sætuefnum (fjölalkóhólum og/eða kröftugum sætuefnum)   | Kurkkupastilli/ Halspastill  | Finnland                               |
| Sælgætisvörur sem eru gerðar úr sykurlausnum, sterkjusírópi, andsykri og/eða hunangi með viðbættum jurtainnihaldsefnum í formi síróps   | Hustensirup  | Austurríki                             |
| Óáfengur, kolsýrður drykkur sem inniheldur beiskjuefnið kínín í formi bragðefnanna FL 14.011, FL 14.152 eða FL 14.155 eins og um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008                             | Eftirfarandi heiti, notuð sem hluti af lýsandi heiti drykkjarvörunnar:<br>„tonic“ (á ensku), skipt út fyrir „Тоник“ (á búlgörsku),<br>„tonik“ (á tékknesku og slóvakísku),<br>„tónica“ (á spænsku og portúgölsku),<br>„tonica“ (á ítölsku),<br>„tonicã“ (á rúmensku) | Öll aðildarríki                        |
| Bakarísörur á borð við tvíbökur   | Biscotto salute  | Ítalía                                 |